

Skólaráð Hörðuvallaskóla

2. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 29. september 2016

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Freygerður A. Ólafsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Anna D. Hermannsdóttir, Alma Ernstdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Húsnæðismál skólans

Fundahöld með yfirvöldum hafa átt sér stað, sbr. bókun á síðasta fundi. Ljóst er að hefja þarf framkvæmdir á nýjan leik í Kórnum á nýju ári og ljúka fyrir haustið til að mæta fjölgun nemenda. Mikilvægt að hönnun nýja húsnæðisins fari í gang sem fyrst.

2. Starfsáætlun 2016-2017

Farið yfir drög að starfsáætlun skólans fyrir skólaárið. Ekki um verulegar breytingar að ræða frá síðasta plaggi nema viðbætur s.s. áformuð umbótaverkefni skólaársins, fundaplan fyrir veturinn o.fl., og svo að sjálfsögðu uppfærslur á hinum ýmsu upplýsingum sem varða skólastarfið. Skólaráðsfulltrúar fá drögin send aftur til yfirlestrar og ef engar athugasemdir koma fram á næstu dögum skoðast áætlunin samþykkt.

3. Fjárhagsáætlanagerð næsta árs

Gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár er að hefjast. Auk húsnæðisframkvæmda er þar markmið skólans að bætt verði í ýmis stöðugildi í samræmi við stærð stofnunarinnar, má þar nefna eldhús, tölvuumsjón, námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, stjórnun, húsvörslu o.fl.

4. Stefnumótun - vinnulag

Fyrirhugað að fara í stefnumótunarvinnu fyrir skólann og hefja hana í næsta mánuði. Rætt um fyrirkomulag á þeirri vinnu og hvar væri hugsanlega aðstoð að fá.

5. Önnur mál

a) Upplýsingatæknikennsla. Fyrirspurn frá foreldrum um hvernig skólinn hyggt tryggja viðunandi kennslu í fingrasetningu, ekki síst þegar ekki er lengur tölvuver í skólanum. Svárið er það að eitt tölvuver í 870 barna skóla gæti hvort eð er ekki tryggt þetta mál, hins vegar eru tækifæri í spjaltdölvunum og skólinn er að fjárfesta í lyklaborðasettum fyrir þær til að mæta þessu. Einnig erum við að flýta fyrir okkur í námskrárgerð í upplýsingatækni með því að fá aðgang að gögnum frá öðrum skóla og aðlaga að okkur.

b) Forföll kennara. Fyrirspurn frá foreldrum vegna þess að töluvert hefur borið á því hjá okkur undanfarið að felld hefur verið niður kennsla á unglingsstigi. Svárið er að forföll hafa verið leyst þar að nokkru marki, hins vegar hafa óneitanlega verið mjög mikil forföll í skólanum í haust þannig að einfaldlega hefur eitthvað orðið undan að láta, og mönnun í yngri bekkjum er í forgangi.

c) Upplýsingaflæði. Ábending um að upplýsingaflæði frá skólanum sé ábótavant. Unnið er að úrbótum bæði innan húss og utan sbr. punkta sem farið var yfir í starfsáætlun skólans. Hins vegar alltaf gott að fá ábendingar um hvers konar upplýsingar það séu sem vantar og leitumst við þá við að bæta úr.

Næsti fundur áformaður fimmtudaginn 20. október kl. 16:00